

Fjármálasvið:

Frá því í nóvember hefur verið unnið í undirbúningi og uppsetningu á bókhaldskerfinu fyrir nýja sveitarfélagið. Ráðgjafi var fenginn til aðstoðar sem er Valur Þórarinsson. Gengið frá samningi við Wise um Dynamics 365 Central (Nav kerfið). Gengið hefur verið frá samningi við Advania um H3 launakerfið og er vinna hafin í uppsetningu á því.

Búið að stilla upp í kerfinu bókhaldslyklum og deildum. Verið að vinna í uppsetningu á forðum fyrir sölureikninga. Einnig verið að vinna með hönnun á verkefnanúmerakerfi. Er að fara á fullt skrið um þessar mundir. Borgarfjarðarhreppur farinn að bóka í nýja kerfinu

Fundur var haldinn 28. janúar með starfsfólki sveitarfélaganna sem vinna í bókhaldi og launavinnslu þar sem farið var í gegnum það sem búið er að vinna og þau verkefni sem eru framundan. Í fjarfundarbúnaði var Valur Þórarinsson auk þess sem Erna Borgný verkefnastjóri Wise sat fundinn í lokin.

Það sem er síðan framundan:

1. Launakerfið: Gengið hefur verið frá samningi við Advania um H3 kerfið árlegur kostnaður sá sami og Fljótaldshérað hefur haft af kerfinu í dag. Það kerfi hafa FH og D verið að nota fram að þessu og Seyðisfjörður fram til 2018. Auðvelt verður að lesa inn fyrri gögn í nýtt kerfi. Rökin fyrir að taka þetta kerfi eru helst þau að massin af launþegum er þegar í þessu kerfi. Í kerfinu eru til allir skannaðir ráðningarsamningar og fleiri gögn sem tengjast mannauðsmálum. Til er sagan aftur í tímann þannig að auðvelt og fljótlegt er að taka út starfsvottorð. Ljóst er að við þurfum að vinna laun strax í apríl vegna launa í maí og því þarf undirbúningur að hefjast sem fyrst. Við það er svo að bæta að FH mun sjá um launakeyrlur fyrir Djúpvogshrepp frá og með mars fram að sameiningu.
2. Þegar ráðgjafi starfsmannamála hefur skilað af sér þarf að stilla upp fyrirkomulagi bókhalds- og launavinnslu. Munum leggja áherslu á að geta þjónustað íbúa og forstöðumenn í öllum íbúakjörnum. Þarf helst að liggja fyrir um miðjan mars.
3. Sem fyrst þarf að fást niðurstaða er varðar fyrirkomulag veitna. En í grunni til munum við reyna að hafa kerfið klárt fyrir þ.e. Fráveita og Vatnsveita.
4. Huga þarf að því að kaupa þann búnað sem til þarf og þróa samskiptakerfi fyrir starfsmenn sem munu vinna á mismunandi starfsstöðvum.
5. Fram að páska mun starfsfólk einbeita sér að uppgjörum vegna 2019 en á meðan mun Valur eitthvað vinna í undirbúningi eins mun Wise teymið vinna frekar í uppsetningum í kerfinu. Má þar nefna uppsetningu eignakerfis, skuldabréfkerfis. Eftir páska munu starfsmenn síðan þurfa að koma í undirbúninginn að fullu.
6. Nú þegar kennitala er klár þarf að senda út bréf til viðskiptamanna svo reikningar frá sameiningardegi berist rétt.
7. Senda þarf út bréf til allra þeirra sem eiga langtímakröfur á sveitarfélögin og tilkynna um sameininguna og breytingu á kennitölu. Gæti þurft að fara staðlað erindi frá hverju og einu sveitarfélagi.

8. Stofna þarf bankareikninga tímalega. Því er nauðsynlegt að huga að samningum við bankastofnanir vegna þessa.
9. Þessa daganna er verið að fara yfir uppsetningu Hafnarsjóðs í bókhaldskerfinu. Líklegt er að hann verði að hluta deildaskiptur en með einn efnahag. Það væri æskilegt.
10. Hefja þarf undirbúning á samningi við Jöfnunarsjóð um greiðslu framlaga vegna verkefnisins um leið og reglugerðin er klár. (verið að vinna í henni að sögn G.G og líklega tilbúin fljótlega)
11. Hefja þarf fljótlega vinnu við að sameina fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2020. Þarf að skoða hvaða áætlanalíkan við tökum upp. Æskilegt að drög að nýrri áætlun liggja fyrir hjá nýrri sveitarstjórn í upphafi. Ljóst er að kostnaður mun þessu verkefni, bæði í ráðgjöf og kerfi.
12. Kostnaður sem fellur til frá og með 1. Maí er æskilegt að verði bókfærður á nýja sameinaða sveitarfélagið.

Egilsstöðum 5. Mars 2020

Guðlaugur Sæbjörnsson